

Sent 24.10. að öll blöð.

01.4

"ANNIR" KVENNALISTAKVENNA.

Maria Jóhanna Lárusdóttir tók sæti á Alþingi í gær í fjarveru Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur. Maria Jóhanna er sjöunda konan á framboðslista Kvennalistans í Reykjavík og fimmsta varapингkonan. Vegna fréttta í dagblöðum þann 24. október vill Kvennalistinn koma eftirfarandi á framfæri. Kvennalistinn er ekki stjórnmálaflokkur heldur kvennahreyfing sem hefur m.a. það markmið að auka áhrif kvenna í þjóðféluginu. Starfssemi Kvennalistans er öðruvísí byggð upp heldur en starfsemi stjórnmálaflokkka. Hver kona er virkur þáttakandi í hreyfingunni og skipta konur ört um hlutverk. Það er allveg rétt eins og fram kom í frétt Tímans þann 24. október að konur hafa mikið að gera og eru Kvennalistakonur sem og aðrar konur í íslensku þjóðfélagi undir miklu vinnuálagi. Þessar skiptingar henta því Kvennalistanum betur þar sem bæði vald og vinnuálag dreifist á herðar fleirri kvenna. Sú kona sem hefur aðstöðu og tíma í það og það skiptið tekur að sér hin ýmsu verkefni. Þess vegna hefur Maria Jóhanna nú tekið að sér þingstörf um stundarsakir. Kvennalistinn vill jafnframt benda á að hlutverkaskipti kvennalistakvenna eru ekki fjármagnaðar úr ríkissjóði heldur af kvennahreyfingunni.

KVENNALISTINN